

LAXÁ Á ÁSUM 1990

Tumi Tómasson

Hólum, nóv 1990

VMST-N/90014X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Á ÁSUM 1990

INNGANGUR

Dagana 17. og 18. ágúst voru seiðastofnar Laxár á Ásum kannaðir, líkt og gert hefur verið á undanförunum árum. Að auki voru sérstaklega athugaðir seiðastofnar Svínadalsár og Sléttár, en haustið 1989 var sleppt stórum sumargömlum laxaseiðum í Svínadalsá. Var það gert til að auka laxgengd um Laxá, og einkum til að auka hlutfall stórlaxa í göngunni. Þar með er reynt að jafna göngur og draga úr áhrifum tíma-bundinna slæmra umhverfisskilyrða.

Veiðin sumarið 1990 var ein sú lélegasta um langan tíma. Alls voru skráðir veiðdir 649 laxar úr Neðri Laxá og 5 úr Efri Laxá. Þar af voru rúmlega 200 stórlaxar. Frá 1970 hefur einungis eitt ár verið lakara, en það var árið 1984. Þá var skráð veiði 625 laxar.

Ekkert bendir til að laxastofninn í Laxá sé í sérstakri lögð, heldur er orsaka slæmrar veiði líklega fyrst og fremst að leita í miklum afföllum á seiðum sem gengu til sjávar.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Alls var rafveitt á 3 stöðum í Efri Laxá og 9 stöðum í Neðri Laxá. Að auki var rafveitt í Sléttá og Svínadalsá. Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1) og niðurstöður rafveiðanna teknar saman í Töflu 1 og á Myndum 2 og 3.

Sléttá og Svínadalsá

Í báðum þessum ám voru rafveiðistaðir valdir þar sem botngerð og straumlag var ákjósanlegt fyrir laxaseiði. Botninn í Sléttá var fremur stamur og fæðudýr á steinum voru bæði fá og smá. Þarna veiddust á um 50 m kafla fimm urriðaseiði og sex bleikjuseiði. Bleikjuseiðin voru ýmist á öðru eða þriðja ári (1+ eða 2+) en yngstu urriðaseiðin voru 3+.

Vöxtur seiðanna var frekar hægur og mun hægari en á öðrum stöðum þar sem seiði voru könnuð í Laxá og Svínadalsá. Flest bendir til að ekki sé mikil hrygning í ánni og líklega ganga seiði í ána upp úr vatninu. Hátt hlutfall bleikju og almennt lélegur vöxtur og snauður botn gefur til kynna að áin sé fremur rýr og köld og henti ekki sem uppeldisstöð fyrir laxaseiði.

Svínadalsá er mun vænlegri en Sléttáin. Botninn var þar háll sem bendir til góðrar þörungaframleiðslu. Þar veiddust á 50 m kafla urriðaseiði í nokkrum mæli, einkum tveir árgangar, þ.e. 1+ og 2+. Er greinilegt að urriði úr Svínavatni gengur upp í ána til hrygningar. Ekki veiddust þar nein bleikju-seiði en þrjú laxaseiði, öll úr sleppingu haustið 1989. Seiðin voru 11.8-12.7 cm, allt seiðahængar sem höfðu orðið kynþroska í stað þess að ganga út um vorið. Seiðin höfðu dafnað vel í ánni og vaxið nokkuð síðan þeim var sleppt. Þetta gefur vísbendingu um að sleppingin sem slík getur hafa tekist samilega vel, þótt erfitt sé að fullyrða þar um. Hinsvegar er ljóst að í Svínadalsá eru skilyrði góð fyrir uppvaxandi laxaseiði.

Efri Laxá

Sú jákvæða þróun sem fyrst sáust merki um í seiðabúskap árinna fyrir neðan útfall Svínavatns 1989 hafði styrkst mjög síðastliðið sumar. Þá fundust þar í fyrsta skipti vörgömul laxaseiði og í umtalsverðu magni. Laxaseiði virðast nú vera orðin ríkjandi fyrir ofan þjóðveginn þar sem botngerð hentar þeim. Frá brúnni og niður að vatni virðist lax hinsvegar eiga frekar erfitt með að ná fótfestu innanum urriðann, þrátt fyrir að þar séu skilyrði fyrir lax að öðru leiti ákjósanleg.

Þrátt fyrir að vart hafi orðið við að laxastofn Efri Laxár hafi styrkst verulega frá 1987, hefur sú þróun í seiðabúskap árinna ekki skilað sér í aukinni laxveiði í Efri Laxá. Þar kemur til að heimtur úr hafi hafi verið óvenju slakar s.l. tvö ár, en einnig getur verið að laxinn eigi erfitt með að komast fram ána vegna rafveituskurðarins.

Í Laxárvatni er öflugur urriðastofn sem hrygnir í Efri Laxá, hann á ekki lengur í samkeppni við þann stofn sem áður hrygndi í útfalli Laxárvatns sem er nánast horfinn vegna tilkomu virkjunarinnar 1933. Á meðan laxgengd er eins lítil og raun ber vitni fram í Efri Laxá má reikna með að laxinum muni reynast erfitt að keppa við urriðann í neðri hluta Efri Laxár, þrátt fyrir að þar séu uppeldisskilyrði ákjósanleg fyrir laxaseiði.

Neðri Laxá

Seiðabúskapur árinna er mjög góður um þessar mundir. Seiðin eru alment vel á sig komin og hlutfall stærri seiða gott. Vöxtur seiða er bestur næst útfalli úr Laxárvatni, þ.e. á stað 4 og stöðum 7 og 8. Lakastur er vöxtur seiða fyrir neðan Langhyl (staður 5) og fyrir framan rafveiðuskurðinn (staður 6). Þar er mikið af seiðum, áin frekar lítil og þar gætir áhrifa Laxárvatns minna.

Allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla hafi verið góð 1990 og verði jafnvel enn betri 1991, verði vorið ekki slæmt. Gönguseiðaframleiðsla 1989 var lakari en s.l. vor, en lélega veiði 1990 má þó fyrst og fremst rekja til mikilla affalla í sjó, annað árið í röð.

Ekki er að sjá annað en að styrkleiki 0+ seiðaárgangsins sé góður. Þrátt fyrir litla göngu 1989 hafi hrygning þá um haustið verið næg til að tryggja um eðlilega nýliðun í stofninum.

Vorgömul seiði fundust nú í rafveiðuskurðinum, í fyrsta skipti um nokkurn tíma. Í rafveituskurðinum er bæði nægilegt vatn og nægjanlegur halli til að hægt sé að gera þar góð uppeldisskilyrði fyrir lax sem gæti borið 4-5 veiðistaði. Að auki leitar sjálfsagt einnig upp í skurðinn lax sem ætlar sér fram í Efri Laxá. Ég legg eindregið til að menn skoði í fullri alvöru möguleika og hagkvæmni þess að breyta beinum og þröngum skurðinum í á með brotum og hyljum.

ÁLYKTANIR

Orsakir lélegra veiða s.l. tvö sumur er fyrst og fremst að leita í slæmum sjávarskilyrðum fyrir gönguseiði, en ekki nema að litlu leiti í aðstæðum í ánni sjálfri.


Ég tel að skynsamlegt væri að reyna að nýta uppeldisskilyrði fyrir lax í Svínadalsá og á neðsta kafla Efri Laxár með sleppingum smáseiða. Fyrir utan að auka umferð laxa um Neðri Laxá tel ég að gönguseiði af þessum fremri svæðum hefðu meiri tilhneigingu til að koma tilbaka sem stórlax heldur en gönguseiði úr neðri ánni. Það myndi því auka hlutfall stórlaxa í göngunni sem myndi jafnframt verða til að draga úr sveiflum í veiði á milli ára.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá á Ásum 17.-18. ágúst 1990.


Fjöldi veiddra laxa og urriðaseiða á hverja 100 m²

Stöð nr	Stærð m	0+	1+	Lax 2+	3+	4+	Urr >0+
1	25x10	13.6	2.4	-	-	-	2.8
2	40x6	5.8	11.2	2.9	-	-	3.7
3	50x6	-	0.7	1.3	0.7	-	16.3
4	40x7	8.2	10.0	8.6	0.7	-	0.7
5	25x10	20.0	10.8	16.8	1.2	-	0.8
6	35x7	0.8	10.4	14.6	13.7	2.9	-
7	35x12	2.4	17.1	8.1	-	-	-
8	40x3	12.5	3.3	1.7	-	-	-
9	20x15	19.0	11.0	7.7	-	-	0.3
10	25x15	9.5	9.5	0.8	0.3	-	-
11	40x12	1.7	4.6	4.0	-	-	-
12	45x6	1.1	29.6	1.1	-	-	-


skyr89
laxa.90



MYND 1. - Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.



MYND 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum 17.-18. ágúst 1990.



MYND 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sléttá, Svínadalssá og Laxá á Ásum 17.-18. ágúst 1990.